

Ár 1981, þriðjudaginn 10. nóvember, var í málinu nr. 20/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignmatsnefnd svaðljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 25. júní 1981, óskaði hreppsnefnd Laugardalshrepps í Arnessýslu eftir því við Yfirfasteignamatsnefnd, að nefndin úrskurðaði um skyldu Vélstjórafélags Íslands til að svara fasteignaskatti af sumarhúsum félagsins í landi Snorrastaða í Laugardal. Vélstjórafélag Íslands hefur veitt upplýsingar í málinu með bréfi, dags. 11. september 1981.


Vélstjórafélag Íslands er samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrur liggja félag vélstjóra hér á landi og hefur almennt fyrirvar þeirra, Umrædd sumarhús eru eign félagsins og til afnota fyrir félagsmenn. Samkvæmt því verður að telja, að uppfyllt séu skilyrði 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga fyrir undanþágu frá fasteignaskatti, sbr. ennfremur 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Er Vélstjórafélagi Íslands samkvæmt því óskylt að svara fasteignaskatti af eignum þessum.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Vélstjórafélag Íslands er óskylt að svara fasteignaskatti af sumarhúsum félagsins í landi Snorrastaða í Laugardalshreppi, Arnassýslu.


Gaukur Jörundsson.


Guðmundur Magnússon.


Rétur Stefánsson.